

Athugasemdir við frumvarp til laga

Atvinnuveganefnd Alþingis sendi undirrituðum til umsagnar frumvarp til laga um matvæli (sýklalyfjanotkun), 753. mál. Eftirfarandi eru mínar athugasemdir við frumvarpið.

Íslendingar eru ekki nægjanlega vel upplýstir um sýklalyfjaónæmi, hvaða þýðingu það hefur, hvernig það verður til og hvernig það dreifist. Í fyrri greinargerðum mínum svo og erindum hef ég ítrekað mikilvægi þess að upplýsa almenning um þessi atriði. Það að upplýsa almenning um vandamál er tengjast sýklalyfjaónæmi, skynsamlega notkun sýklalyfja og hreinlæti, er nauðsynlegur hluti baráttunnar gegn sýklalyfjaónæmi, samkvæmt samþykkt Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordic Council 12 initiatives. Nordic co-operation on combating antimicrobial resistance, sjá 7. lið, Public information campaigns in the Nordic Region: <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1086062/FULLTEXT01.pdf>).

Sýklalyfjaónæmi getur borist með matvælum og þá helst frá löndum með útbreitt ónæmi til landa með lítið ónæmi eins og Íslands. Iðulega er erfitt að átta sig á uppruna matvæla í matvælaverslunum, auk þess sem fæstir vita um stöðu sýklalyfjaónæmis utan Íslands. Umrætt frumvarp til laga er því mikilvægt skref til að upplýsa almenning um ónæmi í matvælum utan Íslands. Aðeins með því getur almenningur tekið upplýsta ákvörðun

Ég legg til eina breytingu við textann í frumvarpinu, sjá feitletraðan texta:

"Fyrirtæki sem hafa með höndum smásölu matvæla skulu tryggja með **vel sýnilegum** merkingum í sölurýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvæla og meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Matvælastofnun skal gefa út árlegar leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla."

Ég vil jafnframt benda á ágalla við greinargerðina/frumvarpið. Matvæli eru flutt inn frá fleiri löndum en Evrópu, en erfitt getur verið að fá reglulega staðreyndar upplýsingar um sýklalyfjanotkun í landbúnaði frá löndum utan Evrópu. Þetta getur skipt miklu máli, því að sýklalyfjanotkun er mikil og sýklalyfjaónæmi mikið vandamál í löndum Asíu, Afríku og Ameríku. Auk þess eru reglur um matvælaframleiðslu víða mun lakari en í Evrópu. Gera þarf ráð fyrir því að Matvælastofnun reyni því að afla sér eins góðra upplýsinga um sýklalyfjanotkun í landbúnaði frá helstu innflutningslöndum Íslands utan Evrópu, og að þær upplýsingar verði jafnframt birtar á sama hátt og upplýsingar frá Evrópulöndunum. Einnig er rétt að hafa í huga að frumvarpið getur ekki haft bein áhrif á neysluvenjur á veitingastöðum og mótuneytum.

Reykjavík, 28. maí 2019



Próf. Karl G. Kristinsson

Yfirlæknir Sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans